

Fyrsti og eini sérútbúni drónabíll landsins í Garðinum

4

nettó

27.-31. desember

20% afsláttur

Léttreyktur lambahryggur

3.352 kr/kg

4.190 kr/kg

25% afsláttur

Fyllt hátíðalæri með sveppum og salatosti

4.124 kr/kg

5.499 kr/kg

20% afsláttur

Skelflettur humar, 800 g

4.703 kr/pk

5.879 kr/pk

# VÍKURFRÉTTIR

LAUGARDAGUR 28. DESEMBER 2024 // 49. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

## Er stærsti róður lífsins

Arnar Magnússon er maður ársins á Suðurnesjum 2024. Hann bjargaði lífi sjómanns úti fyrir Garðskaga aðfararnótt 16. maí. Sjómaðurinn reyndist vera góður vinur og félagi Arnars til áratuga, Þorvaldur Árnason. Hann hafði verið sigldur niður af erlendu flutningaskipi skömmu áður. Áhöfn flutningaskipsins yfirgaf slysavettvang en skipinu var vísað til hafnar í Vestmannaeyjum þar sem stjórnendur þess voru handteknir.

Arnar og Þorvaldur voru á leið til strandveiða nóttina örlagaríku, hvor á sínum bát. Þeir fóru á svipuðum tíma úr höfn í Sandgerði. Þorvaldur var aðeins á undan og fór vestar en Arnar. Arnar lýsir því í viðtali við Víkurfréttir að hann hafi fengið sting í hjartað þegar hann sigldi fram á bát sem var á hvolfi á haffletinum og nær sokkinn. Fyrst hafi hann haldið að þetta væri gámur í náttmyrkrunu. Svo hafi hann séð fiskikar og loks séð nafn bátsins.

Á þessari stundu var Þorvaldur ennþá inni í bátinum sem var á hvolfi. Hann hafði náð að klæðast björgunarflotbúningi. Hann átti í erfiðleikum með að komast frá úr bátinum og þurfti að beita öllu afli til að komast út um neyðarlúgu á stýrishúsinu.

Það var heldur ekki auðvelt fyrir Arnar að ná Þorvaldi um borð í bát sinn, þar sem mikill sjór var kominn í flotbúninginn. Arnar þurfti að skera skálmarnar af björgunarflotbúningnum til að létta Þorvald. Í átökunum við að koma honum um borð braut Arnar eitt rifbein. Hann varð þess þó ekki var fyrir en hann var kominn í land.

Arnar segir að hann hafi reglulega samband við Þorvald og þeir fóru t.a.m. saman á sjóinn sléttum tveimur mánuðum eftir sjóslysið á síðasta degi strandveiðanna. Þeir ræða reglulega atburðarásina þennan dag og vinna saman úr þessari lífsreynslu.

Á síðu 8 í blaðinu í dag er birt viðtal við Arnar sem Víkurfréttir tóku við hann þegar hann kom í land eftir að hafa náð afla dagsins á strandveiðunum þann 16. maí. Dagurinn er stærsti róður sem Arnar hefur farið.

# Arnar maður ársins á Suðurnesjum 2024

Gleðilega hátíð!

Starfsfólk Allt Fasteignasölu óskar ykkur velfarnaðar á nýju ári og þakkar viðskiptin á árinu 2024.

ALLT  
FASTEIGNASALA

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

## Hvetur Vegagerðina til þess að skoða framtíðarsýn Ásbrúar

Guðbergur Reynisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ, lagði fram bókun við rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar varðandi Ásbrú til framtíðar.

„Í framtíðarsýn K64 Ásbrú til framtíðar kemur fram að fyrirhuguð hverfi við Reykjanesbrautina verði vel tengd við önnur hverfi Reykjanesbæjar þar sem fyrirhuguð er að komi stokkur yfir Reykjanesbrautina.

Guðbergur Reynisson, Sjálfstæðisflokkurinn, fagnar því að sjá þetta í framtíðarsýninni og hvetur Vegagerðina til þess að skoða þessa framtíðarsýn og gefa umhverfis- og framkvæmdasviði Reykjanesbæjar hugmynd um hvernig slíkur stokkur gæti litið út, hvar mundi hann byrja og hvar mundi hann enda og hver gæti verið kostnaður við gerð hans.


Nú þarf að hafa hraðar hendur þar sem þessi hluti Reykjanesbrautar er á samgönguáætlun árið

2029 til 2035 sem er handan við hornið.“

Í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar segir að auglýsingu Ásbrúar til framtíðar, rammahluta aðalskipulags, er lokið. Rammahluti aðalskipulags Reykjanesbæjar 2023-2035 er unninn af Alta í nóvember 2023.

Ásbrú hefur gengið í gegnum miklar breytingar frá því að svæðið var yfirgefið af bandaríska hernum 2006 og er eitt mikilvægasta uppbyggingarsvæði í Reykjanesbæ. Staðsetningin, forsagan og aðstæður í hverfinu gera það einstakt á landsvísi og þó víðar væri leitað. Haldinn var kynningarfundur og vinnustofur með nemendum Háaleitisskóla undir stjórn Þykjó sem fengu hönnunarverðlaun Íslands 2024 fyrir verkefnið.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda skipulagið til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.



Ljósmyndari // SIGÓSTÍE Ljósmyndir ehf. | SÓS Myndir

## Mikilvægt að vera undirbúin undir að missa mögulega tímabundið aðgengi að heitu vatni og rafmagni

Allt frá því að jarðhræringar hófust á Reykjaneskaga í árslok 2019 hefur verið unnið markvisst að gerð sviðsmynda vegna líklegra eldgosu og hraunflæðis vegna þeirra. Markmið þeirrar vinnu hefur fyrst og fremst verið að finna leiðir til að vernda mikilvæga innviði og íbúa á svæðinu. Afrakstur þessarar vinnu undanfarna ára eru þeir varnargarðar sem reistir hafa verið á svæðinu, en á haustmánuðum 2023 hófst einnig undirbúningur að því að nýta hraunkælingu við að vernda innviði. Fjölmargir aðilar hafa komið að verkefninu en seint á síðasta ári bættust við sérfræðingar frá Evrópusambandinu til að skoða og meta varnir í Svartsengi og Grindavík. Þegar hafist var handa við undirbúning hraunkælingar var skýrsla sem þeir útbjuggu höfð til hliðsjónar.

### Framvindan og áskoranir

Strax var ljóst að venjulegur slökkviliðunur væri ekki nægilega öflugur í verkið og því ákváðu yfirvöld að fjárfesta í sérstökum öflugum búnaði til að framkvæma hraunkælinguna. Búnaðurinn hefur nú þegar sannað gildi sitt og mun reynsla síðustu vikna og mánaða koma sér vel þegar Almannavarnir þróa þetta verkefni áfram með sérfræðingum.

„Nú er ljóst að landris við Svartsengi er hafið á ný og þrátt fyrir að allt sé gert til þess að verja mikilvæga innviði er engu að síður

mikilvægt fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu að vera undirbúin undir að missa mögulega tímabundið aðgengi að heitu vatni og rafmagni,“ segir í frétt frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

### Krefjandi aðstæður, samvinna og framþróun

Meginvarnir innviða felast í gerð varnargarðanna, en hraunkælingin hefur verið nýtt til að stöðja við þær varnir s.s. vegna mögulegs yfirflæðis eins og reyndin varð í júní sl. ásamt því að vinna að forvörnum við að kæla og styrkja hraun næst

varnargörðunum eins og gert var í nóvember s.l. Aðstæður hafa oft verið krefjandi en nú er góð reynsla komin á verkefnið. Eins og gefur að skilja þá hafa ýmsar áskoranir komið upp en samvinna yfirvalda, stofnanna og fyrirtækja hefur verið árangursrík og hefur tekist að leysa þau mál sem upp hafa komið. Einnig hefur samvinna verktaka á svæðinu við slökkvilið sem komið hafa að verkefninu verið til fyrirmyndar.

Í síðasta eldgosi sem lauk 8. desember er áætlað að á hverri mínútu hafi um 26 þúsund lítrum af vatni verið sprautað á hraunið til að kæla það niður. Hluti af hraunjaðrinum var kældur til að styrkja hraunið næst varnargörðunum sem enn voru í byggingu. Á svæðinu er töluvert af vatni og því þurfti ekki að sækja vatnið lengra en um ca. 800 metra. Kælingar- eða sprautubúnaðurinn er mun öflugri en áður hefur verið til á Íslandi og mun án efa einnig geta nýst við það að ráða niðurlögum hugsanlegra gróðurelda í framtíðinni.



**Allt hreint**  
Umhverfisvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

Pantið flutning á cargo.flutningar.is

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## Samkaup og Heimkaup sameinast

Undanfarna mánuði hafa Samkaup hf. og Skel fjárfestingarfélag hf. átt í viðræðum um samruna Samkaupa og tiltekinna dótturfélaga SKEL. Þeim viðræðum var slitið í lok október. Í kjölfarið voru skoðuð tækifæri með sameiningu Samkaupa og Heimkaupa og hafa aðilar átt í viðræðum með aðstoð sérfræðiráðgjafar og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Samkaup og Heimkaup hafa skrifað undir samkomulag um helstu forsendur sameiningar félaganna með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og hluthafafund beggja félaga. Samkaup er yfirtökufélagið og undir rekstri Samkaupa verða því verslanir undir merkjum 10-11, Prís, Extra, auk þriggja þægindaverslana sem reknar eru á þjónustustöðvum Orkunnar. Þá á Heimkaup eignarhlut í veitingafélaginu Clippers ehf. sem m.a. rekur Sbarro. Önnur félög í eigu SKEL á neytendamarkaði, þ.e. Orkan, Lyfjal og Löður, eru ekki hluti af samrunanum.

Samruninn er í samræmi við framtíðarstefnu Samkaupa og felur í sér margvísleg tækifæri og breiðar tekjугrunn félagsins.

„Samkaup er yfirtökufélag í þessum samruna og ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu eftir vinnu síðustu missera. Ég er sannfærður um að sameinað félag eigi eftir að gera góða hluti til hagsbóta fyrir neytendur.

Við sjáum mikil tækifæri í samrunanum sem mun styrkja rekstrarstöðu Samkaupa til lengri tíma en við væntum töluverðar samlegðar í samrunanum. Nettó hefur verið góðri aukningu undanfarið með breyttri verðstefnu og með stækkun verslanansins mun staða Nettó styrkjast enn frekar. Staða okkar gagnvart birgjum mun styrkjast til muna og samkeppnisstaða okkar á markaði sömuleiðis. Viðskiptavinir okkar munu að sjálfsögðu njóta góðs af því ódýrar en nokkur annar aðili og með innkomu Heimkaupa í samstæðuna sjáum við afar spennandi möguleika til vaxtar,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaup, í tilkynningu.



## Segir slökkviliðsögur á Sagnastund á Garðskaga

Sagnastund verður á Garðskaga laugardaginn 4. janúar 2025 kl. 15:00. Slökkviliðsmaður í 50 ár. Sagt frá sögu Brunavarna á Suðurnesjum og eftirminnilegum atburðum. Jón Guðlaugsson starfaði hjá Brunavörnum Suðurnesja í hálföld, þar af slökkviliðs- og sagnastund í sautján ár.

Jón kemur á sagnastund og gefur okkur innsýn í sögu slökkviliðsins, búnað þess og segir frá mögnum viðburðum sem slökkvimenn glímdu við. Hann sýnir myndefni og segir sögur. Slökkviliðið varð 111 ára 15. apríl sl.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið opið.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga.


# EINKAKLÚBBUR KEF SPA & FITNESS

Heilsuræktin sem þú þarft  
- lúxusinn sem þú átt skilið



KEF SPA

Listin að njóta



Kynntu þér áskriftarleiðir inn á [kefspace.is](https://kefspace.is)  
Áskriftarleiðir okkar veita þér ótakmarkaðan  
aðgang að heilsulind og líkamsræktarstöð KEF SPA

Vatnsnesvegur 12-14 / 230 Keflavík / 420 7000 / Móttaka er opin allan sólarhringinn





Björgunarsveitin Ægir hefur útbúið fyrsta og eina sérútbúna bílinn sem er stjórnstöð fyrir dróna.



Séð inn í stjórnstöðina í bílnum. Drónarnir tveir inni á gólfi.

# Fyrsti og eini sérútbúni drónabíl landsins hjá Ægi

Björgunarsveitin Ægir í Garði er að leggja lokahönd á fyrsta og eina sérútbúna drónabílinn hér á landi. Um er að ræða bíl af gerðinni Volkswagen Crafter með fjórhjóladrifi. Bíllinn er innréttaður sem færanleg stjórnstöð fyrir dróna sem verða notaðir við leit og eftirlit.

„Hugmyndin að drónabílnum er nokkurra ára gömul og við höfum farið nokkuð langt í þessum þælingum okkar. Við vildum eiginlega fara með þetta alla leið,“ segja þeir Ingólfur Einar Sigurjónsson, formaður Ægis, og Sindri F. Júlíusson, varaformaður Ægis, í samtali við Víkurfréttir.

Eftir að hafa skoðað ýmsan búnað settu þeir sig í samband við fyrirtæki í Ísrael sem hefur þróað dróna sem eru samtvinnuð við bíla og sinna m.a. landamæragæslu og er notaður í hernaði.

## Víða leitað fanga

„Við vildum búnað sem þolir vond veður og þar var það þessi búnaður sem er á bíl og er tengdur dróna með vör, þannig að dróninn eltir bílinn þegar honum er ekið. Við vorum samt fljótir að komast að því á þessum tíma að þessi útfærsla yrði okkur of dýr. Við erum samt að hlæja af því í dag þegar smíðinni á þessum bíl okkar er lokið og drónarnir sem notaðir eru með honum eru að slaga upp í kostnaðinn við búnaðinn frá Ísrael,“ segir þeir félagar. Reyndar væri hægt að hækka verðið verulega með því að setja myndavél á drónann sem er með

sömu nætursjón og þylur Landhelgisgæslunnar hafa.

Núverandi drónaverkefni er byggt á VW Crafter sem hefur verið innréttaður sem færanleg stjórnstöð fyrir drónana. Í bílnum eru stórir skjáir og öflug loftnet á bílnum, bæði til að halda stöðugu sambandi við dróna á flugi og ekki síður til að vera í góðu netsambandi. Drónabíllinn er búinn tækni sem þarf að vera sitengd neti.

## Öflugasti dróni landsins

Keyptur hefur verið öflugasti dróni landsins sem m.a. er búinn hitamyndavél sem er sú fullkomnasta á markaðnum. Þá er annar minni dróni sem veitir þeim stærri stuðning.

Drónabíllinn er með góðri vinnuástöðu þar sem fer vel um stjórnendur drónanna og þá sem vinna við að greina það myndefni sem berst frá þeim. Notast er við hugbúnað sem vinnur með gervigreind og sérhæfir sig í að greina eitthvað óeðlilegt eða frábrugðið í myndefni. Þannig greinir hugbúnaðurinn litabreytingar í yfirlitsmyndum. Hugbúnaðurinn sér m.a. ef öðrum lit en er í náttúrunni bregður fyrir eða ef hreyfing greinist í náttúrunni.



## Bíllinn sjálfbær með rafmagn

Bíllinn er sjálfbær með alla hleðslu á rafhlöðum fyrir drónana og er með öflugt rafkerfi til að hægt sé að nota fjölda skjáa og tölvubúnað, jafnvel dögum saman. Þá er bíllinn útbúinn öflugri rafstöð.

Bíllinn hefur ekki verið sýndur opinberlega ennþá. Hann er í raun sýndur nú í fyrsta skipti hér í blaðinu. Næstu vikur og mánuðir fara í þjálfun á mannskap en Björgunarsveitin Ægir ætlar að sérhæfa sig í drónaverkefnum en mikil þörf er fyrir þjálfaða drónaflugmenn í fjölbreytt verkefni.

## Drægni og flugtími alltaf að aukast

Þeir félagar segja dróna geta gert svo marga í dag og nýtast vel við leitarverkefni. Takmarkaður flugtími hefur verið helsta vandamálið en drægni og flugtími er alltaf að lengjast.

Í dag teljast svæði sem leituð eru með drónum ekki 100% leituð en því vilja Ægismenn breyta með því að nýta sér nýjustu tækni sem greint var frá hér að framan. Með því að fljúga ákveðið ferli á að vera hægt að leita að sér allan grun. Bæði má skoða svæðin í rauntíma og einnig vinna út efninu eftir á í drónabílnum. Öll aðstaða á að vera til þess í bílnum.

Aðspurðir hvort svona bíll sé ekki flottheit og hægt sé að vinna sömu vinnu úr aftursætinu á jappa er svarið það að auðvitað er hægt að nota minni bíla, en þá þreytist mannskapurinn fyrr. Í drónabíl Ægis, sem á enn eftir að fá nafn, er lagt upp með það að hafa vinnuástöðu eins og best verður á kosið.

## Heill skógur af loftnetum

Á þaki bílsins er heill skógur af loftnetum. Þau eru annars vegar til að halda góðu sambandi við drónana á flugi og svo er mjög öflugt loftnet til að tryggja besta mögulega 4G og 5G netsamband sem mögulegt er.


Smíði drónabílsins hefur verið kostnaðarsamt verkefni. Björgunarsveitin Ægir hefur verið að leggja fyrir peninga til verkefnisins á undanförunum árum, auk þess að leggja á sig ómælda vinnu við að útbúa bílinn.

## Hafa miðlað af reynslu sinni til okkar

Leitað var til Camp Easy sem hefur mikla reynslu af því að breyta Volkswagen Crafter bílnum. Það fyrirtæki er í Reykjanesbæ og tók



að sér að hækka bílinn upp, smíða í hann gólf, setja á hann lofttúður og verja alla mögulega fleti undir bílnum sem geta skemmst þegar farið er út fyrir þjóðveggi. „Þeir hjá Camp Easy tóku virkilega vel á móti okkur og hafa komið með gríðarlega reynslu inn í breytingar á bílnum. Við höfum ekki þurft að finna upp hjólið sjálfir, heldur hafa þeir miðlað af sinni reynslu til okkar, sem er alveg ómetanlegt. Þá höfum við fengið allan tölvu- og skjábúnað í bílinn hjá Tölvulistanum. Hann hefur aðstoðar okkur við að fá það besta sem völ er á í svona bíla. Þá fengum við allan rafbúnað hjá Bláorku (Netberg). Það er búnaður sem leyfir okkur að hafa allt tengt á sama tíma. Þá erum við með marga góða styrktaraðila sem koma að þessu verkefni með okkur.“





SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

# Kveikir þú á stuðningnum?

Flugeldasalan  
hefur haldið okkur  
gangandi í 56 ár



Nánar á [flugeldar.is](http://flugeldar.is)

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



K L Ó F U D L U H R A P P A K  
 A Ö R U N N E R B R É T A R T  
 N O V R U G I S A T S Ö K U I  
 R Æ Ð U R S Ú D S U K R K T E  
 S P É N Á E L B A Ö S A A T V  
 Y A K R O E J R G N A F R E S  
 L K T O G S T F I M G L A K R  
 B L S U T R S S Ö T A Á L A A  
 U Ó L K I N R Ú F L Y K G R N  
 N F A G S Á T B N R J S U T U  
 R S Æ G K R U M M G A Ð M F G  
 Ö R T I K A T P G S A N Á E R  
 J Ú E M T M Ú U J M M M R B Ö  
 T T Ú A S Ó A K Ú D A S Á A J  
 S Ö J Ý K T E N I N G A N S B

ARNAR  
 MAGNÚSSON  
 MAÐUR  
 ÁRSINS  
 FLUGELDAR  
 BJÖRGUNARSVEIT  
 SAGA  
 STEIK  
 ÁRAMÓT  
 STJÖRNUBLYS

KAPPAR  
 TAUG  
 BRENNUR  
 ÁLFAR  
 HULDUFÓLK  
 ORKA  
 RAKETTUR  
 RÁN  
 ÆGIR  
 SIGURVON

Gangi þér vel!



# Falleg jólagjöf til leikskólanna

## Jólaævintýrið um Grýlu og jólasveinanna 13

Alexandra Chernyshova, sópran söngkona, tónskáld og frumkvöðull verkefnisins Ópera fyrir leikskólabörn, kom með fallega jólagjöf til leikskólabarna í Reykjanesbæ fyrir jólin.

Frá árinu 2018, hefur Alexandra flutt óperu fyrir yfir fjögur þúsund leikskólabörn í leikskólum á Reykjanesbæ, Reykjavík, Akureyri, Suðurnesjum og Suðurlandi. Fyrsta sýningin var með tónlist úr óperuballettinu *Ævintýrið um norðurljósin*, sem var frumsýnd árið 2017 í Norðurljóssal Hörpu í Reykjavík.

Fyrir í þessum mánuði var ný sýning á vegum Óperu fyrir leikskólabörn með tónlist úr óperuballettinu *Jólaævintýrið um Grýlu og jólasveinanna 13*. Hún var flutt á átta leikskólum í Reykjanesbæ og var henni mjög vel tekið

af börnunum. Að sögn Alexandru var markmið verkefnisins að kynna óperu fyrir yngstu áhorfendunum, og segir hún viðtökurnar hafa verið mjög góðar. „Þau fá ekki bara að hlusta og horfa, heldur eru þau virkir þátttakendur í sýningunni sem gerir upplifunina enn skemmtilegri og nær virkilega til þeirra. Sýningin stendur yfir í um það bil hálf klukkustund,“ sagði Alexandra en verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og Menningasjóði Reykjanesbæjar.

Óperan *Jólaævintýrið um Grýlu og jólasveinanna 13* segir frá jóla-

sveinunum sem fara í sumarfrí til Hawaii í byrjun desember þar sem þeir njóta sólskins og sumars. Grýla fer að leita að þeim til að fá þá heim aftur og halda jól. Í sýningunni er Grýla leikinn af Jón Svavari Jósefssyni, barítón sem er einnig óperusöngvari og dansari. Alexandra Chernyshova, sem einnig samdi handrit og tónlist, leikur hlutverk Jólalælu Evgeniu, sem einnig er sögumaður sýningarinnar. Þá leikur Hilmir Blær Jónsson, 9 ára, hlutverk Stúfs í sýningunni.

„Þetta verkefni, sem sameinar óperu og leikskólabörn, er falleg og frábær leið til að vekja áhuga á tónlist og óperu hjá yngstu kynslóðinni,“ sagði Alexandra.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurpjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



Hópurinn ásamt fulltrúum Suðurnesjabæjar. Mynd af vef Suðurnesjabæjar.

## Níu konum þakkaður langur starfsferill í Suðurnesjabæ

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar bauð á dögnum til móttöku til heiðurs starfsfólki sem hefur látið af störfum vegna aldurs, eftir langan starfsferil hjá Suðurnesjabæ, áður Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ.

Að þessu sinni var um að ræða níu starfsmenn sem höfðu starfað hjá sveitarfélaginu um ára- raðir. Bæjarstjórn þakkaði þeim ánægjulegt samstarf ásamt því að þakka þeim fyrir störf í þágu samfélagsins. Að þessu sinni voru ein-

göngu um að ræða konur og voru þeim færðar gjafir ásamt blóm- vöndum. Gjafirnar voru listaverk eftir Gyrði Eliasson, sem hafa skírskotun til eldgosanna sem hafa ítrekað komið upp á Reykjanesi að undanfögnu.

Eftirtöldum var þakkað fyrir áralangt starf hjá sveitarfélaginu:

- Anna Marta Valtýsdóttir, stjórnsýslu- og fjármálasviði, áður hjá Sandgerðisbæ.
- Elísabet Guðrún Þórarinsdóttir, stjórnsýslu- og fjármálasviði, áður hjá Sandgerðisbæ.
- Eygló Antonsdóttir, stjórnsýslu- og fjármálasviði, áður hjá Sandgerðisbæ.
- Jenný Kamilla Harðardóttir, stjórnsýslu- og fjármálasviði, áður hjá Sveitarfélaginu Garði.
- Ester Grétarsdóttir, Sandgerðisskóla,
- Sveinbjörg Eydís Eiríksdóttir, Sandgerðisskóla.
- Jóna Karen Pétursdóttir, Gerðaskóla.
- Guðbjörg Guðmundsdóttir, Gerðaskóla.
- Guðlaug Friðriksdóttir, Íþróttamiðstöðinni Sandgerði.



# Góðar sögur á nýju ári

Góðar, fyndnar, jafnvel sorglegar en umfram allt einlæggar sögur af góðu fólki á Reykjanesi.

 **Góðar sögur – hlaðvarp**  
Fylgist með á helstu streymisveitum.

GÓÐAR

SÖGUR

HLAÐVARP

REYKJANES

## Um sjóslýsið 16. maí 2024

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst neyðarkall frá Arnari Magnússyni vegna annars strandveiðibáts klukkan 02:42 þann 16. maí þess efnis að bátur í grenndinni væri að sökkva um sex sjómílur norðvestur af Garðskagavita.

Pyrlusveit Landhelgisgæslunnar var þegar í stað kölluð út á hæsta forgangi ásamt sjöbjörgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Suðurnesjum. Þá voru nálæg fiskiskip og bátar beðin um að halda á staðinn.

Skömmu eftir að neyðarkallið barst Landhelgisgæslunni hafði Arnar Magnússon aftur samband og tjáði varðstjórnum í stjórnstöð að hann væri búinn að bjarga manningunni úr sjónum en bátsverjanum tókst að komast í björgunargalla þar sem bátur hans maraði í kafi á hvolfi. Maðurinn var kaldur eftir veruna í sjónum og var siglt með hann til Sandgerðis, þar sem sjúkrahúsið beið hans.

Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró bátinn til Sandgerðis.

Flutningaskipinu Longdawn var stefnt til hafnar í Vestmannaeyjum þar sem skipstjóri og tveir stýrimenn voru handteknir. Skipstjórnirinn og annar stýrimaðurinn voru úrskurðaðir í farbann í Héraðsdómi Reykjaness. Ummerki um árekstur eru á báðum sjöförunum. Ummerki voru á Höddu HF eftir perustefni Longdawn og á perustefni flutningaskipsins mátti sjá ummerki eftir áreksturinn.

Landhelgisgæslan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til skipstjóra strandveiðibátsins sem sýndi mikið snarræði við björgun mannsins og einnig til annarra viðbragðaðila sem brugðust við með skjóttum og fumláusum hætti.



Páll Ketilsson, ritstjóri Víkurfréttar, afhenti Arnari Magnússyni blómvönd um leið og honum var veitt nafnbótin Maður ársins á Suðurnesjum 2024. VF/Hilmar Bragi

## MAÐUR ÁRSINS Á SUÐURNESJUM 2024

# Arnar átti sinn stærsta róður á ævinni

Bjargaði vini sínum til 40 ára úr sjávarháská úti fyrir Garðskaga 16. maí.

Víkurfréttir hafa valið Arnar Magnússon Suðurnesjamann ársins 2024. Arnar bjargaði vini sínum, Þorvaldi Árnasyni, úr sjávarháská eftir að erlent flutningaskip sigldi hann niður norðvestur af Garðskaga aðfaranótt 16. maí. Atvikið gerðist mjög hratt og Þorvaldur náði ekki að senda út neyðarkall og á því væntanlega Arnari líf sitt að þakka, sem sigldi fram á bát á hvolfi í sjónum og fann Þorvald svo í kjölfarið.

Arnar Magnússon, strandveiðisjómaður á Golu GK, bjargaði lífi Þorvaldar Árnasonar, lyfjafræðings og strandveiðisjómanns, úti fyrir Garðskaga. Þorvaldur var á leiðinni til fiskjar á Höddu HF þegar fraktflutningaskipið Longdawn sigldi hann niður á siglingaleið um sex sjómílur norðvestur af Garðskaga á þriðja tímanum aðfaranótt fimmtudagsins 16. maí. Arnar og Þorvaldur hafa þekkt í um fjóra áratugi. Þeir voru saman á sjó í gamla daga og hafa svo verið að fást við strandveiðar á bátum sínum sem þeir gera út frá Sandgerði. Þorvaldur var, þegar atvikið átti sér stað, nýlega byrjaður að stunda sjóinn að nýju. Hann átti Apótek Suðurnesja og Lyfjaval þar til fyrir stuttu að hann seldi reksturinn. Í stað þess að setjast í helgan stein ákváð hann að hafa eitthvað fyrir stafni með sjómennsku.

Um atvikið 16. maí sagði Arnar í viðtali við Víkurfréttir síðar þennan dag:

„Við fylgdumst að þegar við vorum að fara út klukkan tvö og töluðum saman þegar við vorum

komnir út fyrir sunnið þegar klukkan var tíu mínútur yfir tvö. Við vorum á sömu stefnu hérna norðvestur eftir og hann var aðeins vestan við mig. Eg var að fylgjast með skemmtiferðaskipi sem var að koma og svo sá ég að það var fraktari á ferðinni fram. Hann var svo kominn vestur fyrir mig þegar ég sigli fram á það sem ég hélt að væri gámur í sjónum, því þeir hafa verið að skoppa af þessum skipum. Þá sá ég fiskikar. Það var myrkur og þegar ég kem nær sé ég að þetta er bátur og ég sé nafnið á honum og fékk bara sting í hjartað. Þorvaldur er góður vinur minn sem ég er búinn að þekkja í 40 ár. Báturinn var á hvolfi og ég kallaði strax í Landhelgisgæsluna að fá þyrlu og reyna að gera eitthvað sem fyrst. Eg sagði þeim að hann væri fastur inni í bátinum. Eg gat ekkert gert því báturinn flaut þannig að hann var alveg á hvolfi og hallaði aðeins í stjórn og niður að aftan. Eg beið við bátinn og þá skýtur honum upp. Þá hafði hann náð að komast í flotgalla inni í bátinum og náð að brjóta sér leið út. Hann

var svo þungur að ég varð að koma með bátinn og draga hann að. Til að ná honum um borð tók ég hann að aftan við stigann. Eg lét hann setjast á grindina og sagði honum að slaka á og aðeins að róa okkur, því við vorum í góðum málum. Gallinn hans var fullur af sjó svo ég varð að skera skálmarnar af til að ná honum um borð. Annars hefði ég ekki náð honum.

Þegar hann var kominn um borð fékk hann þurr fót og kaffi og við knúsuðumst. Þetta var bara yndislegt. Eg hafði fengið sting í hjartað en þarna fékk ég gleðina í hjartað á ný þegar ég var búinn að ná honum um borð. Þetta er það besta sem nokkur sjómaður getur tekið þátt í, að bjarga öðrum.“

**Varstu þarna búinn að sjá skemmdir á skrokknum á bátinum hjá honum?**

„Nei, hann hallaði þannig og ég var að reyna að sjá ljós inni í bátinum hjá honum og hvort hann væri þar. Það var verst að ég gat ekkert gert.“



Arnar Magnússon gerir út Golu GK á strandveiðar frá Sandgerði. Hér kemur hann í land með það sem eftir var af flotbúningnum eftir björgunina.

**Vissi hann hvað gerðist?**

„Hann sagði að það hafi bara verið högg. Mér datt strax í hug að það hafi verið fraktskipið. Eg lét líka Landhelgisgæsluna vita af því. Það passaði miðað við fjarlægðina í skipið. Það var alveg blíða og ekkert að sjónum. Ef þú siglir á rekald á svona bát, þá fer hann ekki á hvolf, það fer bara skrúfan og stýrið. Þetta er fimm tonna bátur og það þarf eitthvað mikið til að svona bátur fari á hvolf.“

**Tók stefnuna á Sandgerði**

Arnar tók strax stefnuna á Sandgerði með Þorvald þar sem sjúkrahúsið beið þeirra. Farið var með Þorvald í skoðun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, en hann hafði aðeins vankast við áreksturinn við flutningaskipið. Arnar tók hins vegar stefnuna aftur á miðin og fiskaði vel.

„Maður uppsker eins og maður sáir. Eg er búinn að læra það í lífinu og það gerðist þarna.“

**Er þetta þinn stærsti róður?**

„Þetta er stærsti róðurinn á ævinni. Eg er búinn að vera 44 ár til sjós og þetta er stærsti róður sem ég hef nokkru sinni farið og ég vona að ég þurfi aldrei aftur að fara svona róður.“

Þegar Víkurfréttir ræddu við Arnar þann 16. maí var hann

nýbúinn að landa af dagsins. Hann hafði um morguninn heyrt í Þorvaldi og hann hafi verið nokkuð brattur.

**Ætlar hann aftur á sjóinn?**

„Etli ég taki hann ekki bara með mér. Það er sennilega óruggast að hann sé bara með mér.“

**Erfitt að geta ekkert gert**

Arnar segir að þegar hann hugsar ferlið til baka þá hafi verið erfitt að geta ekkert gert, því það hefði getað stofnað honum sjálfum í hættu. Það hafi því verið mikil gleði að sjá Þorvaldi skjóta upp við hliðina á bátinum. Björgunin hafi þannig tekið stuttan tíma og þeir hafi verið fljótir í land. Hann hafi siglt Golu GK á spariglingu í land, þ.e. það hafi verið aðeins meiri eldsneytisgjöf en vanalega.

Arnar vill leggja áherslu á að menn tali saman úti á sjó. „Ef við hefðum ekki verið búnir að tala saman, þá er ekki víst að það hafi farið svona vel. Menn verða að hafa samband sín á milli en vera ekki að þverskallast einhverstaðar og enginn veit neitt og þú lendir kannski í ógöngum. Að hafa samskipti er lyklatríði,“ segir Arnar Magnússon, strandveiðisjómaður, í samtali við Víkurfréttir.



Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein komið að Höddu HF úti fyrir Garðskaga undir morgun 16. maí sl.





# Gleðilega hátíð

Starfsfólk HS Veitna sendir hlýjar kveðjur um jólin og óskar ykkur farsældar á nýju ári en nú um áramótin fögnum við jafnframt 50 ára afmæli fyrirtækisins.





Dregið var í þriðja og lokaútdrætti Jólalukku VF 2024 á Þorláksmessu. VF/pket.



Sigurður Gestsson, fyrrv. apótekarí skilar hér miða í kassann í Nettó. Svo skemmtilega vill til að einn af hans miðum var dreginn og Siggí fékk konfekt frá Nettó.

# Hér er nöfn 59 vinningshafa úr útdráttum í Jólalukku VF

Þrjátíu og átta vinningar voru dregnir út í þriðja og síðasta útdrætti Jólalukku Víkurfréttanna 2024 í verslun Nettó í Krossmóa á Þorláksmessu. Stærsti vinningurinn var leður hægindastóll frá Bústoð í Keflavík og kom hann á nafn Sanita Hildarson í Njarðvík. Fleiri stórir vinningar voru dregnir út en aldrei fyrr í sögu Jólalukku VF hafa jafn margir miðar skilað sér í Jólalukku-kassann í Nettó versluninum í Keflavík og Njarðvík. Hér að neðan eru nöfn allra vinningshafa úr útdráttunum þremur.

Jólalukka Víkurfréttanna var í boði í tuttugu verslunum í Reykjanesbæ. Vinningar á skafmiðum voru sjö þúsund. Nærri sextíu vinningar voru samtals í þremur útdráttum.

## Útdráttur 23. desember

### Furnhouse leður hægindastóll frá Bústoð

- Sanita Hildarson, Tjarnabakki 8, Reykjanesbæ  
**Gisting á lúxussvítu á Diamond Suites og aðgangur fyrir tvo í KEF SPA** - Þórey Ástráðsdóttir, Hlíðarvegi 48, Njarðvík

### 100 þús. kr. Nettó inneign

- Guðrún Andrésdóttir, Njarðvíkurbraut 54, Reykjanesbæ

### 50 þús. kr. Nettó inneign

- Árni Stefán Björnsson, Leirdalur 23, Reykjanesbæ

### Gisting á Courtyard by Marriott

- Unnar Kristinsson, Smáratúni 46, Keflavík

### Gjafabréf í Byko 50.000 kr.

- Hermann R. Hermannsson, Steinás 24, Njarðvík.

### 15 þúsund kr. Nettó app inneign

*(Vinningshafar sendi nafn og kennitölu á netto@netto.is og þurfa að vera með Nettó appið í símanum.)*

Sigrún Einarisdóttir, Brekkubraut 13, Keflavík  
 Andrea Andrésdóttir, Vallargata 32, Sandgerði  
 Benedikta Benediktsdóttir, Hafnargata 23, Keflavík  
 Andrea Ósk, Grænulaut 2, Keflavík  
 Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Njarðarvöllum 8, Reykjanesbæ

Bergþóra Gísladóttir, Asparlaut 24, Reykjanesbæ  
 Doroja Olubek, Fífumóti 306, Reykjanesbæ

### Konfekt frá Nóa Sírius (afhent í Nettó)

Kristín Jónsdóttir, Miðtúni 11, Suðurnesjabæ  
 Guðríður Björgvinsdóttir, Kirkjuvegi 57, Keflavík  
 Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, Grænulaug 25, Keflavík  
 Guðveig Sigurðardóttir, Lyngholti 20, Keflavík  
 Ana C. Garcia, Melteigur 23, Keflavík  
 Jóhanna Tyrfringsdóttir, Framnesvegi 20, Keflavík  
 Kristín Bachmann, Skógarbraut 916 B  
 Ásdís Elva Jónsdóttir, Holtsgata 8, Njarðvík  
 Lilja Bjarklind, Seljudalur 8, I-Njarðvík  
 Sigurður Gestsson, Kjálalandi 2, Suðurnesjabæ  
 H. Ellen Stefánsdóttir, Ránarvellir 8, Keflavík  
 Sarah Nebel, Heiðarbrún 4, Keflavík  
 Sesselja Hannesdóttir, Urðarbraut 12, Garði  
 Guðbjörg Snorradóttir, Baldursgötu 12, Keflavík  
 Berglind Richardsdóttir, Grundarvegi 21, Njarðvík  
 Krzysztof Hilla, Tjarnabraut 12/304, Njarðvík  
 Sæunn Geirsdóttir, Grænulaut 6, Keflavík  
 Hafsteinn Sigurðarson, Kriulandi 10, Suðurnesjabæ  
 Jenný Ingadóttir, Suðurgata 28, Reykjanesbæ  
 Marianna Adolfsdóttir, Holtsgata 24, Suðurnesjabæ  
 Sigríður Fjóra Þórðardóttir, Laufdalur 41 a, Reykjanesbæ  
 Þorsteinn Helgason, Bjarnarvellir 5, Keflavík  
 Guðrún Sif Pétursdóttir, Suðurgata 38, Suðurnesjabæ  
 Hjördís Ó. Hjartardóttir, Stafnesvegur 46, Sandgerði  
 Hannes Jón Jónsson, Baldursgarði, Keflavík.

### Útdráttur 16. desember:

### 100 þús. kr. Nettó app inneign

- Magnea Hauksdóttir, Lómatjörn 26, Reykjanesbæ.

### 50 þús. kr. Nettó app inneign

- Árný Þöll Ómarsdóttir, Melbraut 9, Garði.

### Gisting á Courtyard by Marriott

- Sjöfn Lena Jóhannesdóttir, Mávabraut 8, Reykjanesbæ.

### Negara ilmoliulampi frá Zolo og Co.

- Hanna Gróa Halldórsdóttir, Þórsvöllum 3, Keflavík.

### 15 þús. kr. Nettó app inneign

*(Vinningshafar sendi nafn og kennitölu á netto@netto.is og þurfa að vera með Nettó appið í símanum.)*

Júliana M. Nilssen, Trönudal 5, Reykjanesbæ

Sigríður A. Hrólfsdóttir, Ásabraut 33, Reykjanesbæ

Einar Bjarnason, Ásgarði 2, Keflavík

Hjörtur Niels Róbertsson, Skógarbraut 1111b, Rnb.

Sigurbjörg Eiríksdóttir, Heiðarbæ, Sandgerði

Njáll Trausti Gíslason, Tjarnargötu 31, Keflavík

Sveinn Jónsson, Móavöllum 4, Reykjanesbæ.

### Útdráttur 9. desember:

### 50 þús. kr. Nettó app inneign

- Helena Svava Hjaltadóttir, Heiðarholti 5, Garði,

### DOMO klakavél frá Húsasmiðjunni

- Þóra B. Ottesen, Hringbraut 83, Keflavík

### Reykjanes Optikk 30 þús. kr. gjafabréf

- Guðrún Lára Sveinbjörnsdóttir, Faxabraut 7, Keflavík

### 15 þús. kr. Nettó app inneign

*(Vinningshafar sendi nafn og kennitölu á netto@netto.is og þurfa að vera með Nettó appið í símanum.)*

Jóhanna María Gyldadóttir, Baugholti 17, Keflavík

Sindri Snær Sigurðarson, Sunnubraut 14, Keflavík

Snorri Fannar Ómarsson, Einidal 11, Reykjanesbæ

Sólveig Þórðardóttir, Víkurbraut 17, Keflavík

Hanna B. Valdimarsdóttir, Blikatjörn 1, Reykjanesbæ

Sigríður Eysteinsdóttir, Hrauntúni 6, Keflavík

Jóhann Sædal, Mardalur 5, Reykjanesbæ.

## Laufey vann Lionsbílinn

Laufey Kristjánsdóttir vann Lionsbílinn í ár en að veltu var bíll í fyrsta vinning hjá Lionsklúbbi Njarðvíkur í árlegu jólahappdrætti. Gísli H. Jóhannsson, formaður happdrættisnefndar afhenti henni bílinn, KIA Pinto.

### Vinningsnúmer eru eftirfarandi:

- 727 - Kia Picanto
- 2374 - Iphone 16 Plus
- 2219 - 65" Samsung UHD SmartTV
- 1729 - Nettó Inneign á appi (150.000.-)
- 2999 - 55" Samsung UHD SmartTV
- 1581 - Apple Watch Series 10 LTE
- 973 - Nettó Inneignarkort (100.000.-)
- 339 - Nettó Inneignarkort (50.000.-)
- 102 - Nettó Inneign á appi (50.000.-)
- 2882 - Nettó Inneignarkort (50.000.-)



## SI-fjölskyldan veitti styrki á aðventunni

SI-fjölskyldan í Garði hefur mörg undanfarin ár fært nokkrum einstaklingum og fjölskyldum úr nærsamfélaginu peningastyrk, sem tilkominn er vegna leiðisljósagjaldsins í Útskálakirkju-garði.

Auk styrkja til einstaklinga færði fjölskyldan Fjölsmiðjunni á Suðurnesjum/Kompunni nytjamarkaði 250.000 kr. upp í bílakaup. Alls

hafa Fjölsmiðjunni á Suðurnesjum borist styrkir upp á þrjár milljónir króna til bílakaupanna fyrir að gamli bíllinn þeirra gaf upp öndina á aðventunni.

SI-fjölskyldan veitir styrkina ár hvert í minningu um Sigga, son þeirra Sigurðar Ingvarssonar og Kristínar Guðmundsdóttur. Hann glímdi við fötlun allt sitt líf og lést ungur.



Þorvarður Guðmundsson tekur við styrk til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum frá SI hjónunum, Kristínu Guðmundsdóttur og Sigurði Ingvarssyni.



Þáttagerð í jólafríi  
 Mætum með ferska þætti í janúar 2025

SUÐURNESJA  
**magasín**



# ÞORBJÖRN

*Sendum hugheilar hátíðar-  
og nýárskveðjur til starfsfólks okkar,  
fjölskyldna þeirra, Grindvíkinga  
og landsmanna allra.*

*Þökkum samstarf og góð samskipti á árinu sem er að líða.  
Megi nýtt ár færa okkur samstöðu og styrk til að takast  
á við ný verkefni og áskoranir.*



# Áframhald á uppbyggingu nýrra íbúðahverfa í báðum byggðakjörnum

Á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 11. desember var fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 afgreidd eftir síðari umræðu. Helstu fjárfestingar á árinu 2025 eru áframhald á uppbyggingu nýrra íbúðahverfa í báðum byggðakjörnum, með tilheyrandi uppbyggingu innviða. Á árinu 2024 hefur íbúum Suðurnesjabæjar fjölgað um 183, eða 4,5%. Í byrjun desember 2024 eru íbúarnir alls 4.227 samkvæmt bráðabirgðatölum Þjóðskrár. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 3,0% á ári næstu árin, samkvæmt miðspá í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Þetta kemur m.a. fram í fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar.

Í forsendum fjárhagsáætlunar ársins 2025 er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá fyrra ári, eða 14,97%, álagningarhlutfall fasteignaskatta verður óbreytt frá fyrra ári og almenn þjónustugjaldskrá er uppfærð miðað við verðlagsþróun. Álagningarstuðull vatnsgjalds er lækkaður um 5,8% frá fyrra ári.

Gjaldskrá sorpgjalda og sorphirðu er óbreytt frá fyrra ári, en

góður árangur íbúa við flokkun á sorpi skilar sér í það miklum tekjum frá Úrvinnslusjóði að ekki er ástæða til að hækka gjöld á íbúa vegna sorpmála. Fyrir það eiga íbúar Suðurnesjabæjar þakkir skildar. Ýmsir útgjaldaliðir eru uppfærðir út frá verðlagsþróun og áætlun um launakostnað byggir á kjarasamningum.

Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 7.361 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 813 mkr., eða 11,0%. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða A og B hluta áætluð jákvæð að fjárhæð 222 mkr.

Í sjóðstreymisýfirliti kemur m.a. fram að veltufé frá rekstri er 842 mkr. og handbært fé frá rekstri 791. Fjárfestingaáætlun er alls 920 mkr. og er áætlað að tekin verði ný lán allt að fjárhæð 250 mkr. en afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 361 mkr. Áætlað er að handbært fé í árslok 2025 verði 601 mkr.

Helstu fjárfestingar á árinu 2025 eru áframhald á uppbyggingu nýrra íbúðahverfa í báðum byggðakjörnum, með tilheyrandi uppbyggingu innviða. Áætlað er



Frá Suðurnesjabæ. Þar er meðal annars mikil uppbygging í Klappa- og teigahverfi. VF/Hilmar Bragi

að kostnaður við þau verkefni verði um 265 mkr. Mikil eftirspurn er eftir íbúðalóðum í Suðurnesjabæ og er áætlað að uppbygging íbúðarhúsnæðis haldi áfram á fullum krafti næstu misserin. Gert er ráð fyrir að hafnar verði framkvæmdir við gervigrasvöll og er fjárheimild til þess verkefnis 300 mkr. á árinu 2025. Þessu til viðbótar eru ýmis minni verkefni á framkvæmdaáætlun ársins 2025.

Efnahagsleg staða sveitarfélagsins er góð og er áætlað

að skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verði 63,6% í árslok 2025 og því vel undir 150% viðmiði skv. fjármálareglu Sveitarstjórnarlaga.

Í þriggja ára áætlun árána 2026-2028 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma sveitarfélagsins og efnahagsleg staða standist fjármálareglu Sveitarstjórnarlaga á tímabilinu og er það samkvæmt markmiði bæjarstjórnar.

## Piccolo Baby Boutique

Nýja fjölskylduvæna búðin á Hafnargötu 45

Við erum mjög spennt að tilkynna að við erum nýir eigendur Piccolo Baby Boutique, nýrrar og einstakar búðar sem býður upp á vandaða vöru fyrir nýbura og upp í fimm ára. Búðin er staðsett á Hafnargötu 45, í hjarta bæjarins, og hefur það að markmiði að veita foreldrum vandaðar vörur og persónulega þjónustu.

Í Piccolo Baby Boutique finnur þú úrval af fallettum og öruggum vörum fyrir börn frá fæðingu og fram á fyrstu árum lífsins. Við bjóðum upp á áhugaverðar og hágæða vörur í öllum flokkum - frá fötum og leikföngum til búnaðar og áhaldna sem auðveldla bæði foreldrum og börnum lífið. Það sem skilur okkur út úr er að allar vörurnar eru valdar með það að markmiði að bjóða upp á áreiðanlega og heilnæma valkosti, og við leggjum mikla áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd.

Í Piccolo Baby Boutique er einnig boðið upp á einstaklingsmiðaða þjónustu, þar sem við veitum ráðleggingar og hjálpu við að velja þær vörur sem henta þínum þörfum best. Við vitum að hver fjölskylda er einstök, og viljum að viðskiptavinir okkar fái persónulega og ábyrgða þjónustu sem þeir geta treyst.

Við erum einnig spennt að tilkynna að við verðum með stórkostlega lagerútsölu dagana 3.-10. janúar 2025. Þetta er í fyrsta skipti sem við bjóðum upp á slíka útsölu og við lofum frábærum tilboðum á vönduðum vörum fyrir börn. Komdu og gerðu góð kaup á hágæða barnavörum á einstökum verðum.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með kærnum þökkum fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða. Komdu í Piccolo Baby Boutique á Hafnargötu 45 - hlökkum til að sjá þig!

Fylgdu okkur á Instagram: [piccoloborn.is](https://www.instagram.com/piccoloborn.is) | Sími: 615-2898



Opið:  
Mán - fös: 11:00-18:00  
Lau: 11:00-16:00  
Sun: Lokað

### Gjaldskrá 2025:

- Að jafnaði eru liðir í gjaldskrá að hækka um 4% - 5%. Hækkun vegna þjónustu við börn og barnafjölskyldur ásamt þjónustu við einstaklinga í viðkvæmri stöðu hækkar hvað minnst eða um 4%.
- Gjaldskrá úrgangshirðu verður haldið óbreyttri frá árinu 2024 og mun því ekki hækka á milli ára. Breytingar eru á gjaldskrá íþróttamiðstöðva sem gerð verða frekari skil á heimasíðu sveitarfélagsins á næstunni.
- Útsvarshlutfall er óbreytt ásamt því að álagningarhlutfall fasteignaskatts er einnig óbreytt.
- Lækkun verður á álagningarhlutfalli vatnsgjalda niður í 0,13%

### Styrkir og afslættir 2025:

- Fristundastyrkur fyrir börn og unglíngla í Suðurnesjabæ verður áfram fyrir öll börn á aldrinum 0-18 ára og hækkar í 48.000 kr.
- Niðurgreiðsla vegna vistunargjalda barna hjá dagforeldrum hækkar í 88.500 kr. á mánuði miðað við 8 tíma vistun.
- Niðurgreiðsla vegna vistunargjalda barna 18 mánaða og eldri hjá dagforeldrum hækkar í 132.000 kr. á mánuði miðað við 8 tíma vistun.
- Fristundaakstur á milli byggðarkjarna vegna íþróttaiðkunar festur í sessi og verður áfram.

Gleðilegt ár. Þökkum viðskiptin á árinu!

[langbest.is](https://www.langbest.is)

OPNUNARTÍMI TIL ÁRAMÓTA:  
28.-30. DES. OPIÐ KL. 11-21.  
31. DES. OG 1. JAN. LOKAÐ.

langbest  
RESTAURANT



Svona gæti þriðji áfangi Hlíðarhverfis litið út.

## 492 íbúðir í þriðja áfanga Hlíðarhverfis

Tillaga að deiliskipulagi fyrir þriðja áfanga Hlíðarhverfis í Reykjanesbæ hefur verið lögð fram. Um er að ræða 492 íbúðir í fjölbýlishúsum og sérbýli. Uppbyggingin er á tveimur svæðum aðskildum með grænum geira. Arkís arkitektar hafa unnið tillöguna fyrir hönd Miðlands ehf.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar veitti á síðasta fundi heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

Í breyttu skipulagi hefur verið lögð áhersla á lausnamiðað skipulag sem eykur gæði útivistarsvæða og grænna svæða. Markmiðið er að bæta ásýnd og yfirbragð hverfisins og styrkja umhverfisgæði með fjölbreyttum leiksvæðum, gróðri og upplýstum göngustígum.

Svæðið verður hannað til að vera bæði aðgengilegt og öruggt og mun



styðja við fjölbreytta útivist og notkun. Íbúðarbyggðin veitir skjól í inngörðum fyrir ríkjandi vindátt og dregur úr umferðarhávaða.

Græni ásinn í miðju hverfisins tengir vestur- og austurhluta svæðisins með gönguleiðum, dvalar- og leiksvæðum, og myndar einnig tengingu við Hlíðarhverfi II og framtíðarsvæði til suðurs.

Hverfið er skipulagt með áherslu á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Hámarkshraði á götum

verður 30 km/klst, og götur eru hannaðar til að vera aðlaðandi og öruggar. Yfirborð gatna verður sérstaklega hannað til að draga úr umferðarhávaða, og tenging við núverandi stígakerfi er lykilatriði.

Í gögnum með tillögnum að deiliskipulaginu til Reykjanesbæjar segir að á svæðinu séu olíutankar í jörðu. Mikilvægt sé að aðilar sem sinna uppmokstri og jarðvegs-skiptum séu meðvitaðir um mögulega jarðvegsmengun. Þá segir að svæðið liggja nálægt flugbrautarendum Keflavíkurflugvallar. Því er mikilvægt að huga sérstaklega að hljóðvist vegna flugumferðar. Hljóðvistarútreikningar sýna að svæðið er að hluta innan 55–60 dB hljóðstígs, sem er undir hávaðamörkum samkvæmt reglugerð 724/2008 fyrir starfandi flugvelli, en yfir mörkum sem almennt gilda án flugvallar.

## Sextán íbúðir auk verslunar og þjónustu á Hafnargötu 44 og 46

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hafnargötu 44 og 46 í Keflavík hefur verið lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar. Það er Tækniþjónusta SÁ leggur fram tillöguna fyrir hönd Faxafells ehf.

Um er að ræða lóð á horni Hafnargötu og Skólavegar. Á lóðinni verði verslun og þjónusta á hluta jarðhæðar en sextán íbúðir á efri hæðum. Hámarkshæð byggingar verði fjórar hæðir.

Umhverfis- og skipulagsráð veitti á síðasta fundi sínum heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna.



Hér er mynd úr tillögnum fyrir Hafnargötu 44 og 46.



Reiturinn á horni Vatnsholts og Iðavalla 14b, þar sem KSK eignir ráðgera uppbyggingu.

## Kaupfélagið vill byggja 50 íbúðir

JeES arkitektar hafa fyrir hönd KSK eigna lagt fram tillögu að fjölbýlishúsi á reitinn Iðavelli 14b og Vatnsholt 2, þar sem Samkaup hf. reka í dag Nettó-verslun. Um er að ræða 50 íbúðir af breytilegum stærðum auk minna verslunarrýmis á jarðhæð.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar samþykkir ósk um heimild til að vinna deiliskipulag fyrir reitinn í samráði við skipulagsfulltrúa.

Kaupfélag Suðurnesja hóf ekki fyrir löngu síðan byggingu húsnæðis við Aðaltorg í Reykjanesbæ en hún mun koma í stað Nettóbúðarinnar við Iðavelli.



Gleðilega hátíð og kærar þakkir fyrir árið sem er að líða. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs 2025. Starfsfólk Kadeco

**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



# Bjóst ekkert sérstaklega við þessu

- segir körfuknattleikskona ársins 2024

Keflvíkingurinn Thelma Dís Ágústsdóttir varð efst í valinu á körfuknattleikskonu ársins 2024 en Thelma Dís sneri heim til Keflavíkur fyrir síðasta tímabil eftir að hafa lokið háskólanámi við Ball State University í Indiana í Bandaríkjunum og átt góðu gengi að fagna með körfuboltaliði skólans. Endurkoma hennar í heimahagana átti eflaust sinn þátt í að Keflavík vann þrefalt á síðasta tímabili en þá urðu Keflvíkingar deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar kvenna.

Thelma Dís er vel að nafnbótinni körfuknattleikskona ársins komin en hún var burðarstólpi í meistaraliði Keflavíkur auk þess að vera lykilleikmaður í íslenska landsliðinu sem lék tvo leiki í nóvember, þar skoraði Thelma meðal annars 21 stig í sigri á Rúmeníu.



## Vissi að ég var búin að standa mig vel

Víkurfréttir slógu á þráðinn til Thelmu og óskuðu henni til hamingju með að vera valin körfuknattleikskona ársins. Því næst spyrjum við hana hvort hún hafi búist við þessu.

„Takk fyrir það. Ég bjóst ekkert sérstaklega við þessu. Ég vissi að ég var búin að standa mig vel, og það hjálpaði líka að liðið okkar varð þrefaldur meistari, en þetta var ekkert sem ég var búin að hugsa neitt sérstaklega út í.“

Af þeim sex sem fengu atkvæði í vali á körfuknattleikskonu ársins koma þrjár úr liði Keflavíkur, þú, Sara [Rún Hinriksdóttir]

og Birna [Valgerður Benónýsdóttir].

„Og allar uppaldar í Keflavík,“ bætir Thelma við.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa gengið? Þetta er ekki alveg að standast væntingar.

„Nei, þetta er alveg undir væntingum. Ég veit ekki hvort það tengist einhverri pressu eða hvað það er.“

Þið eruð náttúrulega búnar að vera án Birnu og Sara er tiltölulega nýkomin inn eftir meiðsli.

„Já, algjörlega – en eins mikið og við söknum þeirra þá finnst mér við vera með nógu sterkt lið til að hafa átt að gera betur.“

## ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



Svo dró til tíðinda þegar liðið var að fara í jólafrí og Friðrik Ingi [Rúnarsson] sagði upp starfi sínu sem þjálfari liðsins. Kom það ekki á óvart?

„Bæði og. Mér finnst hann vera flottur þjálfari, hann var að koma með nýjar víddir inn í þetta hjá okkur en eins og ég segi þá er auðvitað erfitt að koma inn í lið eins og okkar, sem vann allt árið á undan, og það er náttúrulega mikil pressa og ef liðinu gengur ekki nógu vel þá er einhvern veginn auðvelt að horfa á þjálfarann og reyna að breyta til þannig.“

Hver er að stýra æfingum á meðan verið er að leita að nýjum þjálfara?

„Hann Elli [Elentínus Margeirsson] er með okkur. Ég hef ekkert heyrt af þjálfaramálum, hvort það sé eitthvað nær að ráða einhvern. Mér skilst að Elli verði með okkur þangað til að nýr þjálfari verður ráðinn og þá verður það í hans höndum hvort hann vilji hafa Ella áfram eða hvernig það allt verður.“



... eins mikið og við söknum þeirra þá finnst mér við vera með nógu sterkt lið til að hafa átt að gera betur ...



En þið eruð ekkert búnar að leggja árar í bát. Þið ætlið væntanlega að verja Íslandsmeistaratitlinn allavega, er það ekki?

„Við erum alls ekki búnar að leggja árar í bát, það er nóg eftir af þessu tímabili. Við verðum bara að finna gleðina aftur við að vera að spila saman og þá verður þetta fljótt að koma.“

## Spennnt að byrja aftur

En þú sjálf, hvað er að fréttu á þér?

„Já, ég er að vinna í áhættustýringu í Íslandsbanka í bænum. Það er voðalega næs og tengist því sem ég var að læra úti. Ég tók tryggingastærðfræði í BS og tölfraði í Master. Þannig að ég er mikið að vinna með allskonar gögn í Excel og þannig. Ég held að ég hafi valið rétt nám, ég hef allavega voðalega gaman af þessu.“

Thelma segist hafa náð að slaka vel á yfir jólin en hún segir Keflavík ætla að þoka sér ofar á töflunni eftir áramót.

„Ég er búin að hafa það mjög notalegt yfir jólin. Það er að vera fínt að fá smá frí frá körfunni og ná að kúpla sig aðeins út en síðan er maður bara orðin spennnt að byrja aftur. Smá hungur er komið í mann og leiðin er bara upp á við,“ sagði körfuknattleikskona ársins að lokum.



Thelma í leik gegn Apenu fyrir á þessu tímabili. VF/JPK



## Sveindís Jane meðal tíu efstu í kjöri á íþróttamanni ársins

Keflvíkingurinn Sveindís Jane Jónsdóttir, atvinnu- og landsliðskona í knattspyrnu, er meðal tíu efstu í kjöri til íþróttamanns ársins 2024. Greint verður frá vali hans 4. janúar 2025.

Sveindís Jane varð þýskur bikarmeistari með Wolfsburg á síðustu leiktíð. Hún hefur verið einn besti leikmaður íslenska landsliðsins sem tryggði sér sæti á EM 2025 en hún skoraði í þremur leikjum í röð undir lok árs; gegn Serbíu í úrslitum umspilsins, Þýskalandi heima og svo 1-0 sigurmarkið gegn Póllandi úti.

### Topp 10 íþróttamenn Íslands í stafrófsröð

Albert Guðmundsson – fótolti  
Anton Sveinn McKee – sund  
Ásta Kristinsdóttir – fimleikar  
Eygló Fanndal Sturludóttir – ólympískar lyftingar  
Glódís Perla Viggósdóttir – fótolti  
Orri Steinn Óskarsson – fótolti  
Ómar Ingi Magnússon – handbolti  
Snæfríður Sól Jórunnardóttir – sund

Sóley Margrét Jónsdóttir – kraftlyftingar  
Sveindís Jane Jónsdóttir – fótolti

### Topp 3 lið í stafrófsröð

Ísland fótolti kvenna  
Ísland hóp fimleikar kvenna  
Valur handbolti karla

### Topp 3 þjálfari

Arnar Gunnlaugsson  
Óskar Bjarni Óskarsson  
Þórir Hergeirsson

## Thelma Dís er körfuknattleikskona ársins 2024



THELMA DÍS ÁGÚSTSDÓTTIR

Keflvíkingurinn Thelma Dís Ágústsdóttir hefur verið valin körfuknattleikskona ársins 2024 af Körfuknattleikssambandi Íslands. Liðsfélagi Thelmu, Sara Rún Hinriksdóttir, hafnaði í þriðja sæti í valinu.

Tryggvi Snær Hlinason er körfuknattleikskarl ársins. Þetta er í 27. skipti sem valið er tvískipt milli karla og kvenna eða allt frá árinu 1998.

Körfuknattleikskona og -karl ársins eru valin í kosningu af stjórn og starfsmönnum KKÍ, afreksnefnd KKÍ og þjálfurum karla- og kvennalandsliðanna. Thelma og Tryggvi eru bæði að hljóta nafnbótina í fyrsta sinn.

### Val á körfuknattleikskonu ársins 2024:

1. Thelma Dís Ágústsdóttir
2. Danielle Rodriguez
3. Sara Rún Hinriksdóttir

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð eru: Birna Valgerður Benónýsdóttir, Kolbrún María Ármannsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir.

### Thelma Dís Ágústsdóttir | Keflavík

Thelma Dís kom heim úr námi árið 2023 hefur síðan leikið vel með Keflavík í Bónusdeildinni. Á árinu sem er að líða varð Keflavík deildar-, bikar- og Íslandsmeistari og var Thelma Dís burðarstólpi í því liði. Í lok tímabils var Thelma Dís valin í úrvalslið deildarinnar. Keflavík hefur farið ágætlega af stað í vetur og eru í efri hluta deildarinnar. Thelma Dís fer vel á stað og er með 15,2 stig, 4,6 fráköst og 3,9 stoðsendingar að meðaltali.

Íslenska landsliðið lék tvo leiki á árinu og var Thelma lykkileikmaður þar. Í sigrinum gegn Rúmeníu átti hún stórleik og skoraði hún þar 21 stig.



Danielle Rodriguez | BCF Elfic Fribourg

Í lok árs 2023 fékk Danielle íslenskan ríkisborgararétt en hún

kom fyrst til Íslands árið 2016. Danielle átti gott ár með Grindavík en liðið fór í undanúrslit í bikarkeppni og Íslandsmóti. Í lok tímabils var Danielle svo valin í úrvalslið deildarinnar. Danielle skipti svo um félag og leikur nú með Firbourg sem situr í 1. sæti í efstu deild í Sviss ásamt því að hafa leikið í FIBA Eurocup.

Danielle lék fyrstu landsleiki sína fyrir Ísland og átti stórbrotnaframmistöðu og stendur þar upp úr sigurkarfa hennar gegn Rúmeníu.



Sara Rún Hinriksdóttir | Keflavík

Sara Rún kom heim frá Spáni í upphafi árs og gekk til liðs við uppeldisfélagið sitt Keflavík. Á árinu sem er að líða varð Keflavík deildar-, bikar- og Íslandsmeistari. Sara Rún átti stóran þátt í veltengni liðsins og var meðal annars valin besti leikmaður úrslitakeppninnar. Sara Rún hefur á seinni hluta ársins átt við meidli að stríða og missti af meiri hlutanum af leiktíðinni. Það er þó gleðiefni að hún er mætt aftur og hefur tekið þátt í síðustu þremur leikjum Keflavíkur.

## 1X2 „PRUMAÐ Á PRETTÁN“

# Trommarinn heldur takti en fær gallharðan Púlara

Jóhann D. Bianco, öðru nafni Joey Drummer, er líklega þekktastur fyrir að halda trommu-taktinum í stuðningsveitum og hann er heldur betur taktfastur í tipleik Víkurfréttu. Hann lagði Brynjar Frey Garðarsson í „El Clasico“ í hnífjafri baráttu þar sem báðir voru með níu rétta. Jói hafði betur þegar úrslitin í leikjum með einu merki voru talin með. Trommarinn hefur tekið forystuna í heildarleiknum með 25 rétta en í vor munu fjórir efstu í getraunaleiknum reyna með sér í fjórum umferðum.

Næsti andstæðingur Jóa er einn svakalegasti stuðningsmaður Liverpool, Hafnamaðurinn Jón Newman. Jón er mikill keppnismaður og lifir og hrærist í enska boltanum og er svo mikill Púlara að hann sefur í Liverpool-nærbuxum. „Ég byrjaði að halda með Liverpool fyrir svo löngu síðan að það var enn bara svart/hvít sjónvarp á Íslandi. Liverpool var í toppmálum á þessum tíma, í kringum 1970. Ég hef farið á marga leiki í gegnum tíðina og fylgt mínu liði alla tíð í gegnum súrt og sætt. Ég var t.d. einu sinni í tuttugu manna hópi frá Keflavík sem fór í ferð með Magga Pé dómara. Þá vorum við að leika á móti Tottenham þegar Guðni Bergs var í liðinu.“

Jón er einn af þessum gallhörðu Púlurum en þeir eru margir á Suðurnesjum. Á heimili hans er eitt herbergi sem er undirlagt munum og Liverpool-dóti.

„Jú, það má víst segja það að ég sé ýktur. Ég fylgst mjög vel með og þetta er skemmtilegt. Ég hef náð að smita marga í fjölskyldunni en svo eru nokkrir Man. Utd. aðdáendur þar líka svo það eru oft fjórlegar umræður. Gengi minna manna hefur verið frábært í ár. Ég fór á leik með Liverpool í haust og það er eini taþleikurinn til þessa í ár. Félagar mínir hafa sagt

að ég megi ekki fara á fleiri leiki á þessari leiktíð,“ sagði Jón og hló. Hann sagði það magnaða upplifun að vera á Anfield og syngja með tugþúsundum stuðningsmanna „You'll never walk alone“. Nú er bara spurningin hvort Jón „gangi áfram“ í leiknum og stöðvi siguröngu trommarans.

### Minnir á Tólfuna

Joey er ánægður með taktinn sem hann er búinn að ná í getraunaleiknum.

„Það er alltaf gaman þegar vel gengur, þetta minnir mig kannski aðeins á byrjun ævintýrisins með Tólfunni í kringum landsliðið í fót-bolta. Þá óx okkur ásmegin eftir því sem leið á og ég hef svipaða tilfinningu núna. Ég ætla að njóta áfram, þetta var fín jólagjöf um síðustu helgi og vonandi verður áramótá-gjöfin ekki síðri,“ segir Joey.



Séðil helgarinnar	Joey	Jón
West Ham - Liverpool	2	2
Tottenham - Wolves	1X	1
Everton - Nott.Forest	1X2	2
Crystal Palace - Southampton	1	1
Fulham - Bournemouth	X	12
Bristol City - Portsmouth	1X	1
Coventry - Millwall	1	1
Watford - Cardiff	1	1X
Derby - Leeds	X2	2
Middlesbro - Burnley	1X2	12
Oxford Utd. - Plymouth	1	1X2
Stoke - Sunderland	2	2
Swansea - Luton	1	1X2

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

### Störf í leik- og grunnskólum

Myllubakkaskóli – Kennari á yngsta stigi (Tímabundin ráðning)

### Önnur störf

Umhverfis- og framkvæmdasvið – Deildarstjóri umhverfismála

Umhverfis- og framkvæmdasvið – Veitustjóri

Velferðarsvið – Starfsfólk í stuðningsþjónustu

### Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026